



# Íslandsmótið 2006

## Íslandsmót í tvímenningi 2006

Íslandsmót í tvímenningi 2006 verður haldið dagana 6. – 7. maí 2006.  
Tveir olíuburðir verða notaðir í mótinu, annar 32 ft. og hinn 44 ft.

### Forkeppni laugardaginn 6. maí kl. 9:00 í Keilhöllinni

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 10 tvímenningarnir halda áfram í milliriðil.  
Verð í forkeppni kr. 4.200,- pr. tvímenning.  
Olíuburður verður 44 ft. – langur.

### Milliriðill laugardaginn 6. maí kl. 16:00 í Keilu í Mjódd

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 6 tvímenningarnir halda áfram í undanúrslit.  
Verð í milliriðil kr. 3.500,- pr. tvímenning.  
Olíuburður verður 32 ft. – stuttur.

### Undanúrslit sunnudaginn 7. maí kl. 19:00 í Keilu í Mjódd

Spilað er allir við alla einföld umferð. Efstu 2 tvímenningarnir leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.  
Verð í undanúrslit kr. 3.500,- pr. tvímenning.  
Olíuburður verður 44 ft. – langur

### Úrslit sunnudaginn 7. maí – strax að loknum undanúrslitum:

Tveir stigahæstu tvímenningarnir leika síðan til úrslita, sá tvímenningur sem er efstur að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir en annað sætið þarf að vinna þrjár. Jafnteflis viðureignir falla niður. Olíuburður verður 44 ft. – langur

Sjá nánar í reglugerð KLÍ um Íslandsmót í tvímenningi.

Skráningareyðublað er í afgreiðslu Keilu í Mjódd og Keiluhallarinnar og á netfanginu skraning@kli.is. Skráningu lýkur mánudaginn 1. maí klukkan 22.00.